

Nd. 280. Frumvarp til laga
um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sinu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnyttjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farvegi þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og búþarfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsg. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskrað ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur ris um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrir en það hefir verið álitid af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búþarfa.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að rikissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna,

en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá rikissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

7. gr.

Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitt-hvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

9. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðar-áætlunar um notkun jarðhitans.

10. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

11. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

12. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.